

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Ögurhvarf 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt 22. júlí 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 4 við Ögurhvarf.

Í breytingunni felst heimild til að reisa atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum í stað einnar hæðar byggingar með risi; grunnflötur minnkar úr 900 m² í 750 m² en gólfhlötur stækkar úr 1.350 m² í 1.500 m²; hæð bygginga verður 8 metrar í stað 7 og fjöldi og fyrirkomulag bílastæða ásamt byggingarreit breytist. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 6. maí 2005 og breytt 19. júlí 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skemmuvegur 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 19. janúar 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 4 við Skemmuveg. Í tillögunni felst heimild til að reisa einnar hæðar viðbyggingu við norð-vestur enda núverandi byggingar samtals um 700 m² að grunnfleti. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og 1:500 dags. í október 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Frostaþing 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 19. janúar 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Frostaþing. Í tillögunni felst að lóðinni, sem er 3.500 m² er skipt upp í fjórar lóðir fyrir sérþýli. Lóðin Frostaþing 2, sem nú þegar er byggð einbýlishúsi, fær nýja aðkomu og verður nr. 1 A við Dalþing. Eins og í gildandi deiliskipulagi verður áfram möguleiki á að byggja hesthús á lóðinni. Þar norðan við verður til ný lóð fyrir tveggja hæða einbýlishús Dalþing 1 B, um 1.300 m² að flatarmáli og einnig með möguleika á hesthúsi. Sunnan við núverandi hús (Frostaþing 2) er enn fremur gert ráð fyrir nýrri lóð, um 600 m² að flatarmáli, fyrir einnar hæðar einþýli með risi, Engjaþing 2. Vestan hennar er síðan gert ráð fyrir parhúsalóð fyrir einnar hæðar parhús, Frostaþing 2 A og 2 B. Opið svæði sunnan Dalþings 1 er fellt út og gönguleiðir og reiðleiðir breytast. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 27. október 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 13. febrúar 2006.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2006